

Viðhorf foreldra á Akureyri til daggæslu í heimahúsum



Birna María Svanbjörnsdóttir
Trausti Þorsteinsson



Háskólinn
á Akureyri

Miðstöð skólaþróunar
2015

Viðhorf foreldra á Akureyri til daggæslu í heimahúsum

Könnun unnin fyrir skóladeild Akureyrarbæjar

Háskólinn á Akureyri
Miðstöð skólaþróunar
2015

Miðstöð skólaþróunar HA. Birna Svanbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson, 2015.
Viðhorf foreldra á Akureyri til daggæslu í heimahúsum.
Könnun gerð að ósk skóladeildar Akureyrarbæjar.
Mynd á forsíðu: Trausti Þorsteinsson.

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	5
Inngangur	6
Daggæsla	7
Samskipti og skyldur	8
Eftirlit.....	9
Niðurstöður könnunar	10
Val á dagforeldri	10
Upplýsingar af hálfu dagforeldris	12
Þjónusta dagforeldris	13
Árekstrar	17
Eftirlit af hálfu bæjarins og upplýsingagjöf.....	19
Dagforeldri – leikskóli	22
Ábendingar frá foreldrum	23
Samantekt	25
Heimildir	27

Myndir

Mynd 1: Hvar upplýsinga var leitað um dagforeldri 2015, 2013 og 2011.....	10
Mynd 2: Athafnir foreldra við val á dagforeldri.	11
Mynd 3: Þróun á tíðni samninga milli foreldra og dagforeldra 2010-2015.	11
Mynd 4: Upplýsingar af hálfu dagforeldris um frí- og veikindadaga 2010-2015.	12
Mynd 5: Upplýsingagjöf dagforeldris um reglur og samþykktir er varða starfsemi þeirra.	12
Mynd 6: Þjónusta dagforeldris 2010-2015.....	13
Mynd 7: Það sem foreldrum finnst ánægjulegast við þjónustu dagforeldris.....	14
Mynd 8: Afstaða foreldra til útivistar barns hjá dagforeldri.	15
Mynd 9: Fjölbreytni fæðis hjá dagforeldrum 2010-2015.....	16
Mynd 10: Ánægja/óánægja barns í daggæslunni 2011-2015.	17
Mynd 11: Viðleitni dagforeldra til að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra.	17
Mynd 12: Forföll meðal dagforeldra 2011-2015.....	18
Mynd 13: Vitneskja foreldra um hvert eigi að leita með athugasemdir 2010-2015.....	18
Mynd 14: Vitneskja um hvert eigi að leita með athugasemdir eftir foreldri.....	19
Mynd 15: Eftirlit af hálfu skóladeildar með dagforeldrum.	20
Mynd 16: Upplýsingar á vefsíðu skóladeildar Akureyrar 2010-2015.....	20
Mynd 17: Afstaða foreldra til upplýsinga á vefsíðu skóladeildar 2011-2015.	21
Mynd 18: Hvernig tími hjá dagforeldrum hentar foreldrum.	21
Mynd 19: Leikskóli í stað daggæslu 2010-2015.	22
Mynd 20: Mikilvægir þættir við val á leikskóla.....	22

Helstu niðurstöður

- Almennt virðast foreldrar á Akureyri ánægðir með fyrirkomulag daggæslu í heimahúsum og skipulag hennar vera í góðu samræmi við ákvæði reglugerðar. Ástæða gæti þó verið fyrir skóladeild að kynna foreldrum betur hlutverk sitt og aðkomu að málefnum dagforeldra.
- Algengast er að foreldrar afli sér upplýsinga um dagforeldra af samskiptamiðli eða frá vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim. Tæplega tveir af hverjum þremur foreldra kanna hvort dagforeldrið hefur starfsleyfi áður en til vistunar kemur.
- Flestir foreldrar segjast hafa kannað aðstæður hjá dagforeldri áður en barnið var vistað hjá því og 70% foreldra gerðu samning við dagforeldrið en það er heldur lægra hlutfall en í sambærilegum könnunum frá fyrri árum.
- Mun algengara er nú en fyrri ár að foreldrar fái upplýsingar um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar vistun barns hefst.
- Útivera barna í dagvist skiptir foreldra miklu máli en þeir leggja ekki eins mikla áherslu á útisvefn.
- Ekki er að sjá verulegar breytingar á ánægju foreldra með þjónustu dagforeldra aðra en þá að hlutfallslega fleiri foreldrar segjast nú mjög ánægðir með þjónustuna en fyrri ár. Langflestir foreldrar svara því til að barn þess sé ánægt í daggæslunni og langflestir halda því fram að dagforeldri leggi sig fram um að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra.
- Þótt flestir foreldrar telji sig vita hvert þeir eiga að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris hefur hlutfall þeirra foreldra, er þannig svara, lækkað ár frá ári. Árið 2010 kváðust 93% foreldra vita hvert ætti að leita en 2015 var sama hlutfall 73%. Innan við helmingur foreldra segist vita hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum sé háttað sem er eilítið lægra hlutfall en árið 2013. Mikill meirihluti þeirra sem segjast þekkja til þess telja eftirlitið hins vegar gott.
- Almennt virðast foreldrar nokkuð sáttir við þann tíma sem þeir fá fyrir börn sín hjá dagforeldrum.
- Innan við helmingur foreldra svarar því til að þeir hefðu kosið að koma barni sínu á leikskóla fremur en í daggæslu. Verulegrar breytingar gætir að þessu leyti meðal foreldra frá könnunum 2013 og 2011 en svipaðrar afstöðu gætti meðal foreldra árið 2010.
- Mikill meirihluti foreldra vill eiga þess kost að heimsækja leikskólann sem þeir hyggjast velja áður en þeir sækja um. Við val á leikskóla skiptir orðspor hans hvað mestu máli að mati foreldra þá starfshættir og aðstaða úti og inni. Síst láta foreldrar sig varða um stefnu leikskólans þó að 60% þeirra nefni hana sem mikilvægan þátt við val á leikskóla fyrir barn sitt.

Inngangur

Samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 er starfsemi af þessu tagi leyfissskyld og bera sveitarfélög ábyrgð á umsjón og eftirliti með starfsemi dagforeldra. Daggæsla felur í sér gæslu barna á tímabilinu frá kl. 7.00 til 19.00 á virkum dögum. Með heimahúsi er átt við íbúðarhúsnæði dagforeldra, þ.e. varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búa. Í undantekningartilvikum getur félagsmálanefnd/félagsmálaráð samþykkt að íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er tekið á leigu undir daggæslu teljist heimahús enda aðbúnaður ekki lakari en ef um einkaheimili væri að ræða og að húsnæðið henti vel undir daggæslu.

Af hálfu Akureyrarbæjar er skóladeild falið að annast þetta hlutverk. Sem lið í eftirlitshlutverki sínu hefur skóladeild, frá árinu 2003, gert reglulegar kannanir á viðhorfi foreldra sem nýta sér daggæslu í heimahúsum. Í þessum könnunum hefur verið leitað svara við eftirfarandi meginspurningu: *Hvernig uppfyllir daggæsla í heimahúsum á Akureyri ákvæði reglugerðar og hver er afstaða foreldra til þjónustunnar?* Markhópurinn eru foreldrar sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Megintilgangur rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um framkvæmd daggæslunnar og viðhorf foreldra til þjónustunnar m.a. til að viðhafa virkt eftirlit og vinna að auknum gæðum og þróun á þjónustutíðni.

Miðstöð skólaþróunar HA tók að sér að hafa umsjón með fyrirlagningu og úrvinnslu úr spurningalista og önnuðust Birna María Svanbjörnsdóttir og Trausti Þorsteinsson framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. Spurningalisti frá 2013 var endurskoðaður ásamt starfsfólki skóladeildar Akureyrar og gerðar á honum nokkrar breytingar. Listinn var settur upp í vefforritinu Survey-Monkey og svöruðu foreldrar á vef. Sendur var tölvupóstur á alla foreldra sem eru með börn í daggæslu hjá dagforeldrum og þeir beðnir um að svara spurningalistanum. Til að auka þátttöku var ítrekun send í tvígang til foreldra sem ekki höfðu svarað á þeim tíma sem listinn var aðgengilegur á vef.

Spurningalistinn var þannig úr garði gerður að í honum fólust ákveðnir meginþræðir. Þessir þræðir lutu að vali á dagforeldri og samskiptum milli foreldra og dagforeldris, upplýsingum til foreldra af hálfu dagforeldris, þjónustu dagforeldris, árekstrum, eftirliti af hálfu bæjarins og upplýsingagjöf og loks viðhorfi foreldra til leikskóla. Spurningar voru flestar lokaðar og svarendum ætlað að taka afstöðu til tiltekinna svarkosta (sjá fylgiskjal 1). Í fáeinum tilvikum voru settar fram opnar spurningar til að fylgja eftir einstökum svörum foreldra.

Áður en gerð verður grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar verður stuttlega gerð grein fyrir reglugerðarákvæðum er varða daggæslu í heimahúsum, umsjón og eftirliti með henni. Í lokin eru niðurstöður dregnar saman og þær greindar.

Daggæsla

Daggæsla í heimahúsum lýtur reglugerð nr. 907/2005. Samkvæmt henni fellur daggæslan undir yfirstjórn félagsmálaráðherra en leikskólinn heyrir undir menntamálaráðuneyti. Félagsmálanefnd eða félagsmálaráð í hverju sveitarfélagi ber almenna ábyrgð á velferð barna í sveitarfélaginu og skal sjá til þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt. Starfsemi dagforeldra er leyfisskyld en félagsmálanefnd/-ráð annast leyfisveitingu á grundvelli reglugerðar auk þess sem sækja þarf um til heilbrigðisnefndar sem úthlutar starfsleyfum í samræmi við reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

Dagforeldrar eru sjálfstæðir verktakar og ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra. Til að fá starfsleyfi til daggæslu í heimahúsum þarf að uppfylla skilyrði reglugerðar. Akureyrarbær hefur falið skólanefnd að annast úthlutun leyfa til daggæslu og hafa með hendi eftirlit með starfsemi. Þó svo að daggæslan sé ekki hluti af leikskólaþjónustunni hefur þótt heppilegra að hafa þetta hvort tveggja á sömu hendi innan bæjarkerfisins með sama hætti og var þegar yfirstjórn leikskólanna heyrði undir félagsmálanefnd bæjarins og félagsmálastjóra. Eftir að leikskólarnir voru gerðir að fyrsta skólastiginu þótti heppilegra að færa málaflokkinn í umsjá skólanefndar og þá var daggæslan látin fylgja með. Sú gerð auðveldaði einnig það að veita dagforeldrum almenna uppeldisráðgjöf en í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum (nr. 97/2005) segir að bæjarfélagið geti ráðið sérstakan umsjónaraðila sem hefur með höndum ráðgjöf og umsjón með daggæslunni. Hann skal að öðru jöfnu hafa sérþekkingu á uppeldi barna. Á skóladeild bæjarins starfa leikskólafulltrúar sem uppfylla þessi skilyrði.

Upplýsingar til foreldra

Skóladeild Akureyrar heldur úti upplýsingasíðum um dagforeldra á vefsvæði sínu. Á yfirsíðu er að finna upplýsingar um hvert foreldrar eiga að snúa sér til að skrá börn sín og foreldrum bent á að kynna sér vel þá þjónustu sem í boði er, aðstæður á heimili, leikaðstöðu úti og inni, hvíldaraðstöðu og leikfangakost. Bent er á að foreldrar kynni sér aðstöðuna hjá fleiru en einu dagforeldri og velji síðan þann kost sem það telur best hentar kröfum þeirra og aðstæðum. Bent er á að ákvörðun um vistun barns sé ætíð á ábyrgð foreldra.

Upplýsingar eru veittar um dagforeldra og þeir flokkaðir á þrjú bæjarhverfi: á Brekkunni og í Naustahverfi, á Oddeyrinni Miðbæ og Innbænum og í Holta-, Glerár-, Síðu- og Giljahverfi. Undir hverjum flokki er svo að finna nöfn dagforeldra og frekari upplýsingar um þá og aðstæður þeirra.

Á annarri undirsíðu er gerð grein fyrir gjaldskrá og reglum um daggæslu í heimahúsum. Þar er að finna í fyrsta lagi Reglur Akureyrarbæjar frá 1. september 2013 um niðurgreiðslu á daggæslugjöldum. Í öðru lagi gjaldskrár fyrir daggæslu frá 1. janúar 2015 miðað við þríhliða þjónustusamning dagforeldra, foreldra og Akureyrarbæjar. Í þriðja lagi reglugerð um daggæslu í heimahúsum nr. 907/2005 og í fjórða lagi er þar að finna þjónustusamning um niðurgreiðslu daggæslugjalda og yfirlitsblöð fyrir dagforeldra.

Á þriðju undirsíðu eru skýrslur tengdar dagforeldrum en fjórða og síðasta undirsíða ber heitið spurt og svarað um dagforeldra. Á þessari síðu er mikill samfelldur texti þar sem m.a. er að finna upplýsingar er varðar daggæslu í heimahúsum. Ýmsar faglegar ábendingar eru veittar foreldrum er þeim ber að hafa í huga við val á dagforeldrum, upplýsingar veittar um kröfur sem gera má til dagforeldra, eftirlit af hálfu bæjarins, ráðgjöf af hálfu skóladeildar við dagforeldra og loks eru veitt svör við ýmsum algengum spurningum er varðar daggæslu í heimahúsum.

Leyfisveitingar

Þegar umsókn berst Akureyrarbæ um leyfi til að gerast dagforeldri fer í gang ákveðið ferli sem tryggja á að ekkert sé í bakgrunni eða sögu einstaklingsins sem hamlar því að hann geti tekið að sér daggæslu í heimahúsi. Skilyrði fyrir veitingu leyfis í upphafi er að umsækjandi hafi sótt námskeið ætlað nýjum dagforeldrum eða hafi aðra menntun sem skólanefnd telur ígildi þessa námskeiðs. Sveitarfélög eru ábyrg fyrir því að slík námskeið séu haldin. Félagsmálaráðuneytið leggur til námsgögn á þessum námskeiðum og samræmda námskrá fyrir allt landið. Daggæsluráðgjafi á Akureyri hefur annast skipulag námskeiðanna og ráðið kennara. Námskeiðin eru 70 tímar þar sem farið er yfir slys á börnum og fyrstu hjálp, meðferð slökkvibúnaðar, þroska barna, mataræði og næringu, veikindi og sóttvarnir, leiki, söng, hreyfingu o.s.frv. Standi námskeiðið umsækjendum ekki til boða þegar þeir hefja störf er þeim ráðlagt að taka skyndihjálparnámskeið og einu sinni á ári er haldið námskeið um eldvarnir, bæði fyrir nýja og eldri dagforeldra.

Áður en til úthlutunar starfsleyfis kemur þarf umsækjandi að leggja fram gögn s.s. læknisvottorð fyrir alla fjölskyldumeðlimi, meðmælalibréfi frá fyrri vinnuveitanda, námskeiðsgögn o.s.frv. Hann skal í öllum tilvikum leggja fram sakavottorð. Sama á við um alla aðra heimilismenn 18 ára og eldri. Gerð er úttekt á húsnaði umsækjanda m.t.t. daggæslu. Húsnaðið er skoðað með tilliti til stærðar, staðsetningar og afmörkunar leiksvæðis, hættu í húsnaðinu o.s.frv. Eldvarnareftirlitið tekur út húsnaðið m.t.t. eldvarna og flóttaleiða. Umsækjendur þurfa að kaupa tryggingu fyrir barnahópin sem hann hyggst annast ásamt því að ganga frá tryggingum og heilbrigðisvottorðum fyrir gæsludýr s.s. hunda og ketti ef þau eru á heimilinu (Skóladeild Akureyrar, e.d.). Í þeim tilvikum sem umsækjandi hefur ekki tilskylda menntun getur sveitarfélagið hafnað umsókninni eða veitt umsækjanda bráðabirgðaleyfi til 6 mánaða í einu, eða fram að þeim tíma sem námskeið stendur umsækjanda til boða.

Allir dagforeldrar sem eru með daggæsluleyfi frá sveitarfélaginu hafa leyfisbréf. Ef leyfisbréfið er ekki sýnilegt foreldrum eru foreldrar hvattir til að leita eftir því (Skóladeild Akureyrar, e.d.). Á leyfisbréfinu kemur fram gildistími leyfis ásamt upplýsingum um fjölda barna sem leyfið gildir fyrir.

Akureyrarbær býður foreldrum og dagforeldrum upp á þríhliða þjónustusamning. Þessi samningur felur m.a. í sér að allir foreldrar greiða sama gjald fyrir gæslu, að hámarki 7 tíma virka daga. Til að fá niðurgreiddan daggæslukostnað þurfa foreldrar m.a. að hafa lögheimili á Akureyri og undirrita þjónustusamning við dagforeldra og Akureyrarbæ.

Mikilvægt er að foreldrar kynni sér hvernig fyrirkomulag á endurgreiðslum er háttað í veikindum dagforeldra og barna þeirra eða í aukafríum dagforeldra. Of algengt er að þessi atriði séu á reiki og geta því valdið óþarfa misskilningi og jafnvel óánægju. Akureyrarbær hefur ekki samið við dagforeldra um niðurgreiðslur vegna veikindadaga né heldur vegna frídaga dagforeldra. Á mánaðarlegu yfirlitsblaði sem foreldrar kvitta á hjá dagforeldri er því mikilvægt að allar upplýsingar um fjarveru dagforelda séu réttar.

Leyfilegur barnafjöldi hjá dagforeldri er allt að fjórum börnum samtímis fyrsta árið. Að því loknu er heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar. Þó þannig að eigi skulu vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri að jafnaði. Skörun á tímum barna í daggæslu er ekki heimilaður, nema milli kl. 12 og 13 á daginn.

Samskipti og skyldur

Þegar foreldrar velja dagforeldri er mikilvægt að haft sé í huga að þeir eru að kaupa þjónustu. Fullt traust milli foreldra og dagforeldris er nauðsynlegt til að gæslan gangi vel og allir séu sáttir. Í því sambandi þarf að fara með allar upplýsingar sem dagforeldri fær um hag barns og einkahagi foreldranna sem trúnaðarmál. Ef foreldrum finnst eitthvað betur mega fara ber þeim

að ræða það við dagforeldrið án tafar. Ef aðilum tekst ekki að leysa málið geta foreldrar snúið sér til daggæsluráðgjafa.

Áður en gæsla hefst er nauðsynlegt að dagforeldri fari yfir með foreldri hver sé ábyrgð hvors aðila um sig meðan á gæslunni stendur. Dagforeldri þarf að fá greinargóðar upplýsingar um barnið og ákveða aðlögunartíma og gæslutíma í samráði við foreldri. Foreldrar eiga að fá að skoða aðstæður inni sem úti og upplýsingar um hvernig dagforeldrið hagar starfi sínu. Skál dagforeldri gera foreldrum grein fyrir aðstæðum á heimilinu sem geta haft áhrif á líðan barns (Reglugerð um daggæslu í heimahúsum nr. 907/2005).

Aðlögun barns hjá dagforeldri getur skipt sköpum og hana þarf að miða við þarfir barnsins. Barnið er að fara í nýjar aðstæður og þarf að deila athyglinni með allt að fjórum öðrum börnum. Börn bregðist misjafnlega við þessum breytingum, sum eru mjög ósátt til að byrja með meðan önnur una glöð við sitt. Það getur að sjálfsögðu verið misjafnt hversu langan tíma aðlögunin tekur.

Samkvæmt reglugerð (nr. 907/2005) er dagforeldri skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna. Aldrei má skilja börn í daggæslu eftir eftirlitslaus. Geti dagforeldri af einhverjum ástæðum ekki unnið að daggæslunni þarf að tilkynna það foreldrum þegar í stað en foreldrar bera ábyrgð á barni þann tíma sem dagforeldri getur ekki sinnt starfi sínu.

Eftirlit

Dagforeldrar lúta eftirliti af hálfu sveitarfélagsins. Sérstakur eftirlitsaðili fer þrisvar sinnum á ári í óboðaðar heimsóknir á heimili dagforeldris og kannar aðstæður hverju sinni. Þá kannar hann ástand öryggismála, hver fjöldi barna er í gæslu og hvort dagforeldrar séu með gildar slysatryggingar fyrir börnin (Akureyrarbær, e.d.). Auk þessa skila dagforeldrar til skóladeildar yfirliti í hverjum mánuði yfir börn í þeirra umsjá, með staðfestingu foreldra. Með undirskrift sinni eru foreldrar að staðfesta umsaminn dvalartíma og/eða forföll dagforeldra í mánuðinum. Mánaðarleg skil þessa lista ásamt þríhliða þjónustusamningi eða samþykkttri niðurgreiðslubeiðni er forsenda þess að niðurgreiðsla sé veitt (Akureyrarbær, e.d.). Eftirlit er einnig í höndum dagforeldra og foreldra. Dagforeldri ber að sjá til þess að allur aðbúnaður sé í samræmi við lög og reglugerðir en verði foreldrar varir við að umönnun og aðbúnaði barnsins sé ábótavant er þeim skylt að tilkynna það til umsjónaraðila/daggæslufulltrúa sbr. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi nr. 907/2005.

Skóladeild Akureyrar annast fræðslu og ráðgjöf til dagforeldra. Ráðgjöf og stuðningur til dagforeldra er í formi samtala, heimsókna og fræðslu. Daggæslufulltrúi heimsækir hvert dagforeldri a.m.k. einu sinni á ári. Einnig hafa dagforeldrar aðgang að daggæslufulltrúa með viðtölum og símtölum. Foreldrar hafa aðgang að daggæslufulltrúa ásamt því sem félög dagforeldra og/eða einstakir dagforeldrar og foreldrar hafa fundað með honum (Akureyrarbær, e.d.).


Niðurstöður könnunar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum úr svörum við spurningum í spurningalista. Niðurstöðum er skipt í undirkafla er lúta að vali á dagforeldri, upplýsingum af hálfu dagforeldris, mati á þjónustu dagforeldris, ágreiningsmálum, upplýsingum og eftirliti skóladeildar og loks afstaða til leikskóla.

Sendur var tölvupóstur á 288 netföng foreldra er áttu börn í daggæslu í heimahúsum og óskað eftir að þeir tækju þátt í könnuninni. 149 þeirra svöruðu könnuninni sem er 51,74% svörun sem er heldur minni þátttaka en var í sambærilegri könnun sem gerð var árið 2013 en þá var þátttakan 59,6%. Sú breyting hefur orðið á þátttöku frá árinu 2013 að nú svara mun fleiri feður. Af heildarfjölda svara var fjórðungur frá feðrum og í 11% tilvika svöruðu báðir foreldrar spurningalistanum saman. Árið 2013 voru það einungis þrír feður sem svöruðu spurningalista. Aðeins í þremur spurningum kemur fram marktækur munur á afstöðu eftir því hvort það er móðir eða faðir sem svarar. Þessar spurningar varða útiveru barna, vitneskju um hvert leita á með athugsemdir við þjónustu dagforeldra og hversu ítarlegar eða fábreyttar upplýsingar á vefsíðu skóladeildar eru.

Val á dagforeldri

Foreldrar voru beðnir um að tilgreina hvar þeir hefðu aflað sér upplýsinga um dagforeldra þegar kom að því að leita að daggæslu í heimahúsi. Helmingur svarenda kváðust hafa fengið upplýsingar frá samskiptamiðli, vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim. Þriðjungur svarenda kvaðst hafa fengið upplýsingar á skóladeild og tæp þrettán prósent að eldra systkini væri eða hafi verið hjá viðkomandi. Breyting hefur orðið á því milli ára hvar fólk sækir sér upplýsingar um dagforeldra (Mynd 1).




Mynd 1: Hvar upplýsinga var leitað um dagforeldri 2015, 2013 og 2011.

Liðlega helmingur foreldra segist sækja upplýsingar um dagforeldra annars staðar frá en hjá skóladeild s.s. til vina, kunningja, fjölskyldumeðlima eða af samskiptamiðli. Fast að helmingi fleiri segjast fara þessa leið til upplýsingaöflunar en árin 2013 og 2011. Hlutfall þeirra sem leita upplýsinga á skóladeild er svipaður og árið 2013 eða 34%. Verulega dregur úr að foreldrar leiti upplýsinga með öðrum hætti.


Langflestir foreldra kváðust hafa haft val um dagforeldri eða tæp 83% og 63% þeirra kváðust hafa kannað hvort dagforeldrið hefði gilt starfsleyfi áður en til vistunar barnsins kom. Mikill meirihluti foreldra (63,1%) kvaðst hafa athugað hvort dagforeldrið hefði gilt starfsleyfi

áður en til vistunar kom. Þá fóru 87,8% þeirra sem svöruðu spurningalista í heimsókn til dagforeldris til að kanna aðstæður áður en til vistunar kom og 70,4% foreldra gerðu samning við dagforeldrið um vistun barnsins, en til að foreldrar séu sem best upplýstir um ýmis réttindi og skyldur dagforeldra og stöðu sína gagnvart þeim leggur skóladeild Akureyrarbæjar áherslu á að foreldrar geri formlegan samning við dagforeldra og kynni sér vel samningsformið (mynd 2).



Mynd 2: Athafnir foreldra við val á dagforeldri.

Þessi niðurstaða er eilítið lægri en í sambærilegri könnun frá 2013 en þá sögðust 70% foreldra hafa athugað hvort dagforeldrið hefði gilt starfsleyfi og 91% höfðu farið í heimsókn til dagforeldris til að kanna aðstæður. Sé hins vegar þróunin í samningagerð milli foreldra og dagforeldra skoðuð kemur í ljós að úr henni dregur jafnt og þétt á milli ára (mynd 3).




Mynd 3: Þróun á tíðni samninga milli foreldra og dagforeldra 2010-2015.

Algengast var að samningar væru gerðir milli dagforeldra og foreldra árið 2010 en þá kvaðst 87% foreldra gera slíka samninga. Árið 2015 hefur þetta hlutfall lækkað um 17 prósentustig er 70% foreldra svara hinu sama.


Upplýsingar af hálfu dagforeldris

Flestir foreldrar sem þátt tóku í könnuninni (84,5%) segjast hafa fengið upplýsingar um greiðslur vegna frí- og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun og er hlutfall þeirra sem það segja nokkru hærra en í fyrri könnunum (mynd 4).



Mynd 4: Upplýsingar af hálfu dagforeldris um frí- og veikindadaga 2010-2015.

Minnst var um það að foreldrar teldu sig fá þessar upplýsingar frá dagforeldrum árið 2011 en síðan þá virðast dagforeldrar hafa gert betur í að upplýsa foreldra um þessa hluti. Á hinn bóginn lækkar eilítið hlutfall þeirra foreldra sem segja að dagforeldrar hafi kynnt þeim reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsi (Mynd 5).




Mynd 5: Upplýsingagjöf dagforeldris um reglur og samþykktir er varða starfsemi þeirra.

Þeir foreldrar sem kváðu nei við því að dagforeldrar hafi kynnt þeim reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsi voru beðnir um að svara því hvort þeir hefðu kynnt sér reglur og samþykktir annars staðar. 30% foreldra höfðu leitað upplýsinga annars staðar en hjá dagforeldrum en 70% þeirra létu sér þetta í léttu rúmi liggja og kváðust ekki hafa

leitað annað eftir þessum upplýsingum. Flestir þeirra (83,5%) sem kváðust hafa aflað upplýsinga annars staðar kváðust hafa leitað til skóladeildar Akureyrar.

Þjónusta dagforeldris


Ekki er að sjá verulegar breytingar á ánægju foreldra með þjónustu dagforeldra milli ára að öðru leyti en því að fleiri foreldrar lýsa sig mjög ánægðar nú með þjónustu þeirra en undanfarin ár (Mynd 6).



Mynd 6: Þjónusta dagforeldris 2010-2015.


Niðurstöður benda eindregið til að foreldrar sem njóta þjónustu dagforeldra séu ánægðir með þjónustu þeirra en 97% foreldra segja að svo sé. 79% foreldra er þátt tóku segjast mjög ánægð með þjónustu dagforeldris barnsins síns en sambærileg afstaða árið 2011 var 71%, 65% árið 2011 og 73% árið 2010. Óánægja er vart mælanleg síðustu ár eða aðeins 2–3%.

Foreldrar voru beðnir um að greina hvað þeir væru sérstaklega ánægð(ir) með í þjónustu dagforeldra. Tilgreindir voru 13 þættir er vörðuðu þjónustu dagforeldra (Mynd 7).



Mynd 7: Það sem foreldrum finnst ánægjulegast við þjónustu dagforeldris.

Flestir foreldrar (91%) nefna það ánægjulegast hvornig dagforeldrar taka á móti barninu að morgni. Þá segjast foreldrar einnig sérstaklega ánægðir með framkomu dagforeldris (87%), samskipti við dagforeldri (87%), umönnun barnsins (85%) og aðstaðan inni (78%). Þau atriði sem lenda aftast á listanum eru söngurinn (38%), hreyfingin (45%) og upplýsingamiðlun (51%). Ef afstaða foreldra er skoðuð eftir því hvort foreldrið svarar kemur í ljós eilítil munur á afstöðu þeirra til þeirra þátta sem upp eru taldir (mynd 8).



Mynd 8: Ánægjulegast við þjónustu dagforeldris eftir kynjum.

Þeir þættir sem feður láta sig meira varða en mæður er aðstaðan inni hjá dagforeldrinu, leikurinn og hreyfingin. Feður láta sig mun síður varða um framkomu dagforeldris og dagskipulag.

Foreldrum var boðið upp á að nefna aðra þætti sem þeir væru sérstaklega ánægðir með eða óánægðir. Fjórtán svör bárust og flest þeirra vörðuðu atlæti og fæði:

Atlæti:

Ég er sérstaklega ánægð(ur) með:

- Hljúna í atlætinu.
- Allt sem hún gerir gerir hún frá hjartanu.
- Við erum ánægð með allt, og sérstaklega hvað þær eru góðar við barnið okkar og hvað barnið er ánægt hjá þeim; hún hlakkar til að fara til þeirra á morgnana og finnst greinilega mjög vænt um þær.
- Hversu mikla reynslu hún hefur og mikið jafnaðargeð, ekkert sem kemur henni úr jafnvægi.
- Myndir sem dagmamman setur á Facebook frá deginum (lokaður hópur) og hversu glatt barnið er þegar það kemur heim.
- Barninu mínu líður vel í dagvistun og er alltaf glöð með að fara í dagvistun.

Fæði:

Ég er sérstaklega ánægð(ur) með:


- Ég er líka mjög ánægð með það að dagmamman eldar allan mat sem mest frá grunnu.
- Er með góðan og hollan mat í boði.
- Ánægð með matinn sem barnið fær.
- Hún leggur góða áherslu á heilbrigt matarræði.
- Mat og matarvenjur.

Annað sem foreldrar kusu að nefna sérstaklega voru eftirfarandi atriði:

- Ég gæti ekki hugsað mér betri dagforeldra. Er ánægð með allt sem XXX gera.
- Það er alveg hreint frábært að sjá hversu mikið XXX dýrka börn. :)
- Erfitt að mynda sér skoðun, barnið hóf dagvistun fyrir 4 dögum og inni í því er helgi.
- Stríkaði ekki í "hreyfinguna í starfi með barninu,, þar sem ég tel að svona kríli sjái nú um alla þá hreyfingu sem þau ráða við með augun eru opinn, inni sem úti.
- Að þær eru nokkrar saman.
- Það er alveg hreint frábært að sjá hversu mikið XXX dýrka börn. :)

Foreldrum var boðið upp á að nefna það sem þeir væru óánægðir með í dagvistun barnsins. Það sem foreldrar nefndu helst varðaði vistunartíma og fjarvistir dagforeldra, útivist barnanna, fæðismál og upplýsingar (sjá fylgiskjal 2).


Leitað var eftir því hversu miklu máli það skipti foreldra að barn þeirra svæfi úti og hefði tækifæri til annarrar útiveru. Afstaða foreldra til þessara tveggja forma útiveru barnanna hjá dagforeldri var ólík (mynd 9).



Mynd 9: Afstaða foreldra til útivistar barns hjá dagforeldri.

Rétt tæp 60% foreldra sögðu það skipta þá miklu máli að börn þeirra svæfu úti en liðlega 40% að það skipti þá litlu máli. Um aðra útiveru gegndi nokkuð öðru máli því um 90% foreldra sögðu hana skipta þá mjög miklu eða frekar miklu máli. Marktækur munur er á afstöðu hvort það eru mæður eða feður sem svara. Hlutfallslega fleiri mæður (51%) en feður (39%) svara því til að útivera barns í gæslu hjá dagforeldri skipti mjög miklu máli. Þegar báðir foreldrar svara er hlutfall þeirra (50%) sem segja að útiveran skipti þá mjög miklu máli svipuð og afstaða mæðra til spurningarinnar.


Almennt virðast foreldrar sammála um að það fæði sem börnum stendur til boða hjá dagforeldrum sé fjölbreytt og virðist ánægja foreldra heldur aukast með þennan þátt í starfi dagforeldra (Mynd 10).



Mynd 10: Fjölbreytni fæðis hjá dagforeldrum 2010-2015.

98% foreldra er mjög sammála eða frekar sammála því að dagforeldrið bjóði upp á fjölbreytt fæði á móti 96% árið 2013, 93% árið 2011 og 87% árið 2010. Meiri ánægju gætir nú að því leyti að mun hærra hlutfall foreldra segist vera mjög ánægt með fjölbreytni fæðis hjá dagforeldrum en hin fyrri ár.


Ekki er mikla breytingu að sjá í afstöðu foreldra til þess hvernig þeir meta að barni þeirra líður í vistinni hjá dagforeldrum. Langflestir svara því til að barn þess sé ánægt í daggæslunni (Mynd 11).



Mynd 11: Ánægja/óánægja barns í daggæslunni 2011-2015.

Afstaða foreldra til þessa er mjög í samræmi við niðurstöður frá 2013.

Svipaða sögu er að segja um afstöðu foreldra til fullyrðingarinnar að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir þeirra og væntingar. Langflestir halda því fram að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra og nánast engin breyting þar á frá síðustu könnun (Mynd 12).




Mynd 12: Viðleitni dagforeldra til að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra.

97% foreldra segja að dagforeldrar leggi sig mjög vel eða frekar vel fram um að koma til móts við þarfir þeirra og væntingar.

Árekstrar

Aðeins fjórir foreldrar af þeim 146 er svöruðu játtu því að ágreiningur hefði komið upp á milli þeirra og dagforeldra. Í tveimur þeirra tilfella sögðu þeir að vel eða mjög vel hefði gengið að leysa úr þeim ágreiningi. Tveir foreldrar sem lent höfðu í ágreiningi við dagforeldra svöruðu því hins vegar til að aðeins sæmilega eða jafnvel illa hefði að leysa úr ágreiningnum. Að öðru leyti virðist samskipti foreldra og dagforeldra ganga áreksalaust.


Forföll dagforeldra geta verið vandamál fyrir foreldra vegna atvinnu þeirra eða áforma. Leitað var eftir afstöðu foreldra til þess hvort forföll dagforeldris hefðu komið sér illa fyrir þá (Mynd 13).



Mynd 13: Forföll meðal dagforeldra 2011-2015.

Af niðurstöðum má ráða að í heild séu forföll dagforeldris ekki verulegt vandamál. Aðeins 7% foreldra segir að það gerist mjög oft að forföll dagforeldris komi sér illa fyrir það og 40% segja að það gerist en sjaldan. Niðurstaðan nú bendir þó til þess að þessi vandi sé heldur meiri en árið 2013 og 2011.


Almennt virðast foreldrar vel meðvitaðir um hvert þeir eiga að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris. Það vekur hins vegar athygli þegar kannanir milli árána 2010–2015 eru bornar saman þá virðist það færost í vöxt að foreldrar séu ekki meðvitaðir um hvert beri að leita með athugasemdir (Mynd 14).



Mynd 14: Vitneskja foreldra um hvert eigi að leita með athugasemdir 2010-2015.

Árið 2010 kváðust um 93% foreldra vita hvert bæri að leita með athugasemdir við þjónustu dagforeldra en árið 2015 er þetta hlutfall komið niður í 73% og hefur lækkað nokkuð

ár frá ári. Marktækur munur er á afstöðu feðra og mæðra en feður segjast mun síður vita hvert þeir eigi að snúa sér með athugasemdir. Ef báðir foreldrarnir svara er hlutfallið nánast það sama og meðal mæðra (mynd 15).




Mynd 15: Vitneskja um hvert eigi að leita með athugasemdir eftir foreldri.

Árið 2015 kváðust 7% foreldra hafa nýtt sér það að koma athugasemdum á framfæri við skóladeild Akureyrarbæjar vegna þjónustu dagforeldris sem er eilítið hærra hlutfall en árið 2013.

Eftirlit af hálfu bæjarins og upplýsingagjöf

Dagforeldrar lúta ákveðnu eftirliti af hálfu bæjaryfirvalda og sækja þangað starfsheimild sína. Tæplega helmingur svarenda eða 46,6% segjast vita hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum er háttað en 53,4% foreldra kveðst ekki vita það. Í samanburði við árið 2013 hafa hlutföllin nú snúist við en þá var ríflega helmingur foreldra sem sagðist vita hvernig eftirlitinu væri háttað.


Þeir sem svöruðu því til að þeir vissu hvernig eftirlitinu væri háttað af hálfu skóladeildar voru beðnir um að leggja mat sitt á eftirlitið (Mynd 16).



Mynd 16: Eftirlit af hálfu skóladeildar með dagforeldrum.

22% foreldra sem svarað höfðu því til að þeir vissu hvernig umsjón og eftirlit skóladeildar með dagforeldrum er háttað lögðu mat á umsjónina og eftirlitið. 22% kváðu það fullnægjandi og 60% að það væri gott. 17% kváðu það einungis sæmilegt eða ófullnægjandi. Nokkur breyting er á afstöðu foreldra í jákvæðisátt frá 2013 eins og sjá má á mynd 14 kváðu 9,5% það fullnægjandi en 52,4% að það væri gott.


Foreldrar voru spurðir út í hvað þeim fyndist um þær upplýsingar sem vefsíða skóladeildar Akureyrar veitti um dagforeldra. Liðlega þriðjungur foreldra nú kveðst ekki geta lagt mat á upplýsingarnar sem er talsvert hærra hlutfall en þannig svöruðu fyrri ár. Nær helmingur foreldra segir upplýsingarnar vera ítarlegar og er það nokkur lægra hlutfall en í könnunum árin 2013–2010 (mynd 17).



Mynd 17: Upplýsingar á vefsíðu skóladeildar Akureyrar 2010-2015.

Samanburður á því hvort móðir eða faðir svarar kemur í ljós að marktækur munur er á afstöðu þeirra. Hlutfallslega fleiri feður en mæður treysta sér ekki til að leggja mat á upplýsingar um daggæslu í heimahúsum á vefsíðu skóladeildar. Ef einungis er tillit tekið til


þeirra sem töldu sig geta lagt mat á upplýsingarnar á vefnum telur liðlega fjórðungur svarenda að upplýsingarnar séu fábreyttar en þrír af hverjum fjórum að þær séu ítarlegar (mynd 18).



Mynd 18: Afstaða foreldra til upplýsinga á vefsíðu skóladeildar 2011-2015.

Afstaða foreldra nú er hliðstæð þeirri afstöðu sem fram kom í könnun árið 2011 en eilítið frávik er gagnvart árinu 2013 að því leyti að hlutfallslega telja nú heldur fleiri upplýsingarnar ítarlegar.

Almennt virðast foreldrar nokkuð sáttir við þann tíma sem þeir fá fyrir börn sín hjá dagforeldrum (Mynd 19).




Mynd 19: Hvernig tími hjá dagforeldrum hentar foreldrum.

88% foreldra svara því til að vistunartíminn henti þeim vel sem er heldur jákvæðari niðurstaða en árið 2013 (79%) en nær þó ekki hlutfalli ársins 2011 er 90% foreldra kváðu að tíminn hentaði þeim vel. Eins og í fyrri könnunum kvarta foreldrar helst yfir því að vistunartími barnanna falli ekki vel að vinnutíma þeirra og gæta þyrfti að meiri sveigjanleika af hálfu dagforeldra (fylgiskjal 3).

Dagforeldri – leikskóli

Að þessu sinni er afstaða foreldra til þess hvort þeir hefðu kosið að koma barni sínu í leikskóla ekki einhlít. Um helmingur foreldra svarar því játandi en talsverðrar sveiflu gætir í afstöðu foreldra frá einni könnun til annarrar (Mynd 20).




Mynd 20: Leikskóli í stað daggæslu 2010-2015.

Árið 2013 kváðust nær tveir af hverjum þremur kjósa að koma barni sínu á leikskóla fremur en í daggæslu hjá dagforeldri. Árið 2010 var þessu hins vegar öfugt farið en þá vildu 59% daggæslu hjá dagforeldri fremur en leikskóla.

Aðspurðir hvort þeir myndu vilja eiga þess kost að heimsækja leikskólann sem þeir hygðust velja áður en þeir sæktu um kváðu langflestir foreldrar (96%) svo vera og er sú niðurstaða hin sama og í fyrri könnunum.

Í könnuninni var leitað upplýsinga um hvað skipti máli fyrir foreldra þegar kæmi að því að velja um leikskóla fyrir barn þeirra. Gefnir voru upp fjórir möguleikar og máttu foreldrar merkja við einn eða fleiri valmöguleika (Mynd 21).



Mynd 21: Mikilvægir þættir við val á leikskóla.

Í stuttu máli sagt bendir niðurstaða til að allir þessir þættir skipti foreldra miklu máli við val á leikskóla. Mestu máli skiptir orðspor leikskólans (93%), þá starfshættir á leikskólanum (72,3%), aðstaðan úti (72%) og aðstaðan inni (71%). Minnst láta foreldrar sig stefnu leikskólans varða en 61% foreldra nefndu hana sem mikilvægan þátt við val á leikskóla.

Foreldrum var boðið upp á að nefna aðra þætti sem þá varðaði miklu við val á leikskóla. Algengast var að foreldrar nefndu staðsetningu sem mikilvægan þátt, þ.e. að skólinn væri skammt frá heimili eða í væntanlegu skólahverfi barnsins. Aðrir þættir sem foreldrar nefndu voru starfsfólk og viðmót þess, fæði á leikskólanum, reynsla foreldra frá eldra systkini.

Ábendingar frá foreldrum

Í lok könnunarinnar var foreldrum boðið upp á að tjá sig um hvað eina sem þeir vildu koma á framfæri. 28 foreldrar nýttu sér það en flestar ábendingar þeirra vörðuðu vistunartíma hjá dagforeldrum þar sem athugasemdir voru gerðar við að fjarvistir dagforeldris hefðu engin áhrif til lækkunar á greiðslum foreldra. Jafnframt voru ábendingar um það að vistunartími hjá dagforeldrum tæki ekki vel mið af hefðbundnum dagvinnutíma foreldra. Dæmi:

- 1) Flott könnun. Afsaka hvað ég svara henni seint. Mér þætti einnig gott að koma því á framfæri að mér þykir það frekar óréttlátt að ef dagforeldri tekur sér frí launalaust þá helst kostnaðurinn hjá foreldrum 100% en kostnaður akureyrarbæjar lækkar. mér þætti það vera sanngjarnara að kostnaður beggja lækki í samræmi við fjarveru dagforeldris. en kanski er ég bara svona vitlaus.
- 2) The fact, that dayparents' days off are not payed back to the parents, appeared to be very harmful for a family budget. In these days we have to spend extra to hire another babysitter or pay to a third person to work for us. This would be very helpful for the young working parents to have a reasonable pay-back policy.
- 3) Mér finnst það mjög stór galli að ekki sé hægt að setja viðmið um vinnutíma dagforeldra. Á meðan langstærsti hluti fólks vinnur frá 8-16 þá býður stór hluti dagforeldra upp á tíma sem hentar atvinnulífinu engan veginn - t.d. frá 8-13/14. Með hag barnanna að ljósi getur þetta tæplega talist gott. Flest þeirra sofna fljótlega eftir mat og það þarf þá að vekja þau hver dag þegar þau eru sótt. Tel að þetta þurfi að skoða - þetta er jú þjónusta sem er niðurgreidd af sveitarfélaginu þannig að rökin að um sé að ræða sjálfstætt starfandi einstaklinga finnst mér ekki vera haldbær rök. Þetta þarf að vera í sama takti og atvinnulífið.
- 4) Okkur finnst dagforeldrar of dýrir sérstaklega í ljósi þess að hér er ekki í boði ungbarnaleikskóli, svo foreldrar hafa í raun ekkert val. Einnig höfum við velt því fyrir okkur hvort það bærinn gæti ekki séð um hádegismatinn og börnin þannig fengið matseðil sniðinn eftir ráðleggingum lýðheilsustöðvar. Eins og er í flestum leik- og grunnskólum Akureyrar.
- 5) Finnst að niðurgreiðslan til dagvistunar ætti að geta komið sem styrkur til foreldra sem vilja hafa barn heima þar til það kemst í leikskola
- 6) Mætti gjarnan vera meiri niðurgreiðsla frá Akureyrarbæ

Foreldrar voru gagnrýnir á að leikskólinn tæki ekki við yngri börnum en við tveggja ára aldurinn og skorti á meiri sveigjanleika við innritun barna. Bentu foreldrar á þörf fyrir ungbarnaleikskóla. Dæmi:

- 1) Mér finnst að börn ættu að geta farið fyrr í leikskóla. En það er aðallega vegna þess að breytingar í rútínu barns getur ekki verið góð ef skipt er um leikskóla/dagvistarheimili þegar á líður.
- 2) Löngu tímabært að fá ungbarnaleikskóla á Akureyri. Dagmömmur er margar mjög góðar en það er erfitt að stunda vinnu þegar maður er ekki bara annað slagið með veik börn heldur þarf maður líka að boða forföll vegna dagmömmu.
- 3) Fyrir löngu ætti að vera kominn ungbarnaleikskóli í þetta sveitarfélag!!!! Faglegra starf, meiri samfella fyrir foreldri þegar kemur að veikindum og fríum og skipulag meira, þótt margir góðir dagforeldrar þá eru þeir til sem eru það ekki!!!

- 4) Mér finnst dagforeldrakerfið úreitt, dýrt og ómarkvisst. Mjög miklar kröfur eru gerðar til leikskólakennara og er langt háskólanám að baki en mjög litlar kröfur gerðar til dagforeldra sem mér finnst ekki ganga upp. Ungbarnaleikskóla takk fyrir!
- 5) Hvet Akureyrarbæ til að fara að drífa í að koma 12 mánaða börnum inn á leikskóla og að sjálfsgöðu að gera það með faglegum hætti og hafa ungbarnadeildir. Á meðan unnið er að þessu er hægt að hafa niðurgreiðsluna meiri þannig að dagvistunargjöldin séu þau sömu og leikskólagjöldin.
- 6) Það þurfa að vera ungbarnaleikskólar á Akureyri. Fjarvera dagforeldra vegna veikinda, barna osfrv. eru ekki líðandi. Einnig finnst mér öryggisins vegna að dagforeldri ætti aldrei að vera eitt með börn.

Sumir þeirra sem tjáðu sig sáu ástæðu til að lýsa mikilli ánægju með dagforeldri barnsins síns eða dagforeldrakerfisins. Dæmi:

- 1) XXX er FRÁBÆR dagamma :)
- 2) Akureyrarbær má vera stoltur af dagforeldrum sínum. Ef mitt dagforeldri gefur eitthvað dæmi um hvernig þau eru.
- 3) Ég hef verið með þrjú börn hjá þessari dagmóður og mér finnst hún alveg frábær.
- 4) Ég á fjögur börn og hef ekki bara eins góða reynslu af dagmæðra fyrirkomulaginu eins og núna. Ég er einstaklega heppin með dagmóður að þessu sinni. Hef haft samband við Akureyrarbæ vegna fyrrum dagforeldris og fékk góða aðstoð.

Samantekt

Megintilgangur þessarar könnunar er að leita svara við því hvernig daggæsla í heimahúsum á Akureyri uppfyllir ákvæði reglugerðar um gæslu í heimahúsum nr. 907/2005 og hver afstaða foreldra er til þjónustunnar. Spurningum var beint til foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra á Akureyri og upplýsinga aflað um viðhorf þeirra til þjónustunnar og umsýslu bæjaryfirvalda með daggæslunni.

Ákveðnum vonbrigðum veldur lítil þátttaka í könnuninni en einungis ríflega helmingur þeirra er boð fengu um þátttöku svöruðu spurningalista. Það vekur athygli að feður eru óvenju margir sem þátt taka í könnuninni að þessu sinni. Afstaða þeirra virðist ekki skera sig mikið frá afstöðu móður. Þar sem hér er um þýðiskönnun að ræða gefa niðurstöður þó marktækar vísbendingar um viðhorf foreldra til daggæslu í heimahúsum á Akureyri. Hins vegar vekur dræm þátttaka spurningar um hvað hún kann að segja. Getur verið að foreldrar sjái ekki ástæðu til að taka þátt þar sem þeir eru almennt ánægðir með þjónustuna og ekkert annað betra tilboð er að hafa? Getur hún endurspeglað ákveðið tengslaleysi foreldra við yfirstjórn málaflokksins, skóladeildar Akureyrar, að foreldrar sjái ekki könnun af þessu tagi sem mikilvægan lið í eftirliti með málaflokknum?

Í meginatriðum benda niðurstöður til að foreldrar á Akureyri séu ánægðir með fyrirkomulag daggæslu í heimahúsum og að skipulag hennar virðist í góðu samræmi við ákvæði reglugerðar. Þrátt fyrir upplýsingavef skóladeildar bæjarins um daggæslu í heimahúsum er algengast að foreldrar afli sér upplýsinga um dagforeldra með öðrum hætti, t.d. af samskiptamiðli eða frá vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim, þegar kemur að vali á dagforeldrum. Á þessari vefsíðu skóladeildar er að finna ýmsar upplýsingar til foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra eða hyggjast nýta sér hana. Það er hins vegar umhugsunarvert fyrir skólayfirvöld á Akureyri að eitt af hverjum þremur foreldrum telur sig ekki geta lagt mat á upplýsingarnar sem þar er að finna og innan við helmingur foreldra segir að þær séu ítarlegar. Þá eru hlutfallslega færri foreldrar nú sem segjast vita hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar sé háttað. Það gefur til kynna að foreldrar nýta sér ekki sem skyldi efni á vef skóladeildar. Ástæða væri til að kanna af hverju þetta kann að skýrast, hvort upplýsingarnar séu ekki gerðar nógu áhugaverðar og framsetning þeirra aðlaðandi eða hvort efnið sem þangað er að sækja sé ekki það sem fólk leitar eftir.

Flestir foreldrar sögðust hafa heimsótt dagforeldri og kannað aðstæður áður en barnið var vistað hjá því og um tveir af hverjum þremur könnuðu starfsleyfi dagforeldris. Þá gerðu sjö foreldrar af hverjum tíu samninga við dagforeldra en þrátt fyrir áherslu skóladeildar á gerð slíkra samninga hefur dregið úr samningsgerð milli aðila frá ári til árs en árið 2010 sögðust 87% foreldra hafa undirritað slíkan samning. Niðurstöður benda til að meira traust ríki á milli aðila og foreldrar telji ekki þörf slíkra samninga. Þá er mun algengara nú en fyrri ár að dagforeldrar upplýsi foreldra um greiðslur vegna frí- og veikindadaga dagforeldris þegar vistun barns hefst. Þessi þáttur er hins vegar nú sem endranær viðkvæmur í þjónustu dagforeldra og mikil forföll þeirra geta komið sér afar illa fyrir foreldra. Þá vakna einnig spurningar hvort tíð eða mikil forföll eigi ekki að skerða greiðslur til dagforeldris. Eins og áður við gerð kannana af sama tagi má álykta að huga þurfi betur að þessum málum í samstarfi skóladeildar Akureyrar og dagforeldra og leita leiða í því hvernig draga megí úr óþægindum af völdum forfalla.

Ekki er að sjá verulegar breytingar á ánægju foreldra með þjónustu dagforeldra aðra en þá að hlutfallslega fleiri foreldrar segjast nú mjög ánægðir með þjónustuna en fyrri ár. Það sem foreldrar láta sig mestu skipta í þjónustu dagforeldra eru uppeldislegir þættir er varða umhyggju og hlýju gagnvart börnunum og samskipti við foreldra. Það sem algengast er að

foreldrar nefna ánægjulegast við þjónustu dagforeldris er hvernig tekið er á móti börnunum að morgni, framkoma dagforeldrisins, samskipti þess við foreldra og upplýsingamiðlun og umönnun barnsins, en 8–9 af hverjum 10 nefna þessa þætti. Langflestir svara því til að barn þess sé ánægt í daggæslunni og halda því fram að dagforeldri leggi sig fram um að koma til móts við þarfir og væntingar foreldris og ágreiningur þeirra í milli sé tiltölulega fátíður. Ef upp kemur slíkur virðist ganga allvel að leysa úr honum.

Þótt flestir foreldrar telji sig vita hvert þeir eiga að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris hefur hlutfall þeirra foreldra, er þannig svara, lækkað ár frá ári. Árið 2010 kváðust 93% foreldra vita hvert ætti að leita en 2015 var hlutfallið 73%. Innan við helmingur foreldra segist vita hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum sé háttað sem er eilítið lægra hlutfall en árið 2013. Mikill meirihluti þeirra sem segjast þekkja til þess telja eftirlitið hins vegar gott.

Almennt virðast foreldrar nokkuð sáttir við þann tíma sem þeir fá fyrir börn sín hjá dagforeldrum. Nærfellt níu af hverjum tíu segja að hann henti þeim vel. 12% segja hins vegar að tíminn henti ekki nógu vel eða illa og í ábendingum foreldra kemur fram að þeim finnst kerfið ósveigjanlegt og ekki taka nægt tillit til þess að það getur reynst þeim erfitt að mæta stundvíslega á tilsettum tíma að sækja barnið til dagforeldranna í lok dags. Það kann að skýra afstöðu þeirra sem segja að tíminn hjá dagforeldri henti ekki nógu vel eða illa. Sömu ábendingar hafa komið fram í fyrri könnunum. Það vekur hins vegar athygli nú að innan við helmingur foreldra svarar því til að þeir hefðu kosið að koma barni sínu á leikskóla fremur en í daggæslu en í leikskólum gætir örlítið meiri sveigjanleika að þessu leyti og þar sitja foreldrar ekki uppi með vanda sökum forfalla starfsfólks. Verulegrar breytingar gætir að þessu leyti meðal foreldra frá könnunum 2013 og 2011 en svipaðrar afstöðu gætti meðal foreldra árið 2010. Því má ætla að ánægja með aðra þætti í starfi dagforeldra vegi þessa vankanta upp.

Mikill meirihluti foreldra vill eiga þess kost að heimsækja leikskólann sem þeir hyggjast velja áður en þeir sækja um. Við val á leikskóla skiptir orðspor hans hvað mestu máli að mati foreldra, þá starfshættir og aðstaða úti og inni. Síst láta foreldrar sig varða um stefnu leikskólans þó að 60% þeirra nefni hana sem mikilvægan þátt við val á leikskóla fyrir barn sitt.

Af niðurstöðum könnunarinnar má ráða að ákveðinnar fjarlægðar virðist gæta milli foreldra og umsjónar- og eftirlitsaðila með daggæslu í heimahúsum. Samskipti milli foreldra og dagforeldra virðast batna og dagforeldrar gæta betur að upplýsingagjöf til foreldra. Efalaust á umsjón og eftirlit skóladeildar sinn þátt þar í. Hins vegar virðist skóladeild þurfa að bæta upplýsingar til foreldra og má í því sambandi benda á framsetningu upplýsinga á vef en ekki er auðvelt fyrir foreldra að ganga þar að mikilvægum upplýsingum nema að leggjast í langan lestur sem foreldrar virðast ekki gefa sér ekki tíma til. Ástæða gæti verið til að kanna hvort ekki mætti aðgreina efnisþætti betur í því upplýsingaflóði sem þar er í raun að finna. Foreldrum sem nýta sér daggæslu í heimahúsum verður að mæta með öðrum hætti en þeim hópi foreldra sem hafa börn sín á leikskóla. Sem stofnun hefur leikskólinn ákveðnu hlutverki að gegna skv. lögum og til þeirrar starfsemi hefur hann ráðið til sín fagfólk. Daggæsla í heimahúsum er ekki með sama hætti stofnanagerð og leikskólinn. Hún er að ýmsu leyti viðkvæmari og því þarf að mæta foreldrum, sem kaupa þjónustu af einstaklingum, sem viðurkenndir eru af bæjaryfirvöldum til að veita tiltekna þjónustu, með öðrum hætti. Skýrt þarf að vera af hálfu bæjaryfirvalda hvaða faglegar kröfur eru gerðar til þjónustusalans, hvaða kröfur foreldrar geta gert til viðkomandi og hvers þeir megi vænta af honum. Til þess að koma til móts við gagnrýni foreldra á það fyrirkomulag að greiða þurfi fyrir þjónustu í veikindum og forföllum dagforeldra væri ástæða til fyrir Akureyrarbæ að setja inn skýrari reglur um þennan þátt við gerð þríhliða samnings milli bæjarins, dagforeldra og foreldra. Þessum upplýsingum þarf að koma skilmerkilega fram við báða aðila.

Heimildir

Akureyrarbær. (e.d.). *Daggæsla barna í heimahúsum / verktakaþjónusta undir eftirliti*. Sótt 12. mars 2015 af <http://www.akureyri.is/skoladeild/dagforeldrar/ymsar-upplýsingar-um-dagforeldra>
Reglugerð um gæslu í heimahúsum nr. 907/2005.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Spurningalisti

Fylgiskjal 2: Ábendingar foreldra um hvað það er sem þeir eru helst óánægðir með í þjónustu dagforeldra.

Fylgiskjal 3: Útskýringar foreldra á því af hverju tímarnir hjá dagforeldri henta ekki vel?

Spurningalisti

1. Hvort foreldrið svarar:
 - ☐ móðir
 - ☐ faðir
 - ☐ báðir foreldrar saman

2. **Hvar fékkstu upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldri?**
(Merktu við allt sem við á).
 - ☐ á skóladeild/vefsíðu skóladeildar Akureyrarbæjar
 - ☐ annars staðar frá t.d. frá samskiptamiðli, vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim
 - ☐ eldra systkini er/var hjá dagforeldrinu
 - ☐ með öðrum hætti

3. **Hafðir þú val um dagforeldri?**
 - ☐ já
 - ☐ nei

Ef já, hvaða þættir skiptu þig mestu máli við val á dagforeldri?

 - ☐ orðspor dagforeldris
 - ☐ viðmót og persónuleiki dagforeldris
 - ☐ staðsetning dagforeldris
 - ☐ vinnutími dagforeldris
 - ☐ annað, hvað? _____

4. **Kannaðir þú hvort dagforeldri væri með gilt starfsleyfi, þegar þú valdir þér dagforeldri?**
 - ☐ já
 - ☐ nei

5. **Heimsóttir þú dagforeldrið til að kanna aðstæður áður en þú staðfestir pláss barnsins hjá því?**
 - ☐ já
 - ☐ nei

6. **Skrifaðir þú undir samning við dagforeldrið þegar barn þitt hóf vistun hjá því?**
(Ath. hér er ekki átt við þjónustusamning sem gerður er milli foreldra, dagforeldris og Akureyrarbæjar).
 - ☐ já
 - ☐ nei

7. **Varstu upplýst(ur) um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun?**
 - ☐ já
 - ☐ nei

8. **Hefur dagforeldri barnsins þíns leiðbeint þér og kynnt þér reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsi?**
 - ☐ já
 - ☐ nei

9. Ef nei við spurningu 8, hefur þú kynnt þér reglur og samþykktir annarstaðar?

- ☐ já
- ☐ nei

10. Ef já við spurningu 9, þá hvar?

- ☐ á skóladeild/vefsíðu skóladeildar Akureyrarbæjar
- ☐ annars staðar frá t.d. frá samskiptamiðli, vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim
- ☐ annars staðar

11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu dagforeldris barnsins þíns:

- ☐ mjög ánægð(ur)
- ☐ frekar ánægð(ur)
- ☐ frekar óánægð(ur)
- ☐ mjög óánægð(ur)

12. Hvað er það sem þú ert sérstaklega ánægð(ur) með í dagvistun barnsins þíns?

(Hér má merkja við einn eða fleiri valmöguleika).

- ☐ aðstöðuna inni
- ☐ aðstöðuna úti
- ☐ dagskipulag
- ☐ viðfangsefni
- ☐ samskipti við foreldra/upplýsingamiðlun
- ☐ framkomu dagforeldris
- ☐ aðlögun barns
- ☐ hvernig tekið er á móti barninu að morgni
- ☐ umönnun
- ☐ leikinn
- ☐ sönginn
- ☐ hreyfinguna
- ☐ annað, hvað? _____

Ert þú óánægð(ur) með eitthvað í dagvistun barnsins þíns. Hvað er það þá helst?

13. Hversu miklu máli skiptir það þig/ykkur að barnið sofi úti?

- ☐ mjög miklu
- ☐ frekar miklu
- ☐ mjög litlu
- ☐ frekar litlu

14. Hversu miklu máli skiptir þig/ykkur önnur útivera barnsins hjá dagforeldri?

- ☐ mjög miklu
- ☐ frekar miklu
- ☐ mjög litlu
- ☐ frekar litlu

15. Hversu sammála/ósammála ert þú/þið því að dagforeldrið bjóði upp á fjölbreytt fæði?

- ☐ mjög sammála
- ☐ frekar sammála
- ☐ frekar ósammála
- ☐ mjög ósammála
- ☐ veit ekki

16. Hversu ánægt/óánægt er barnið þitt í daggæslunni?

- ☐ mjög ánægt
- ☐ ánægt
- ☐ óánægt
- ☐ mjög óánægt
- ☐ veit ekki

17. Hversu vel/illa finnst þér dagforeldri leggja sig fram um að koma til móts við þarfir þínar og væntingar?

- ☐ mjög vel
- ☐ frekar vel
- ☐ illa
- ☐ mjög illa
- ☐ veit ekki

18. Hefur komið upp ágreiningur milli þín og dagforeldri barnsins þíns?

- ☐ já
- ☐ nei

Ef já, hversu vel/illa gekk að greiða úr þeim málum

- ☐ mjög vel
- ☐ vel
- ☐ sæmilega
- ☐ illa
- ☐ veit ekki

19. Hafa forföll dagforeldris komið sér illa fyrir þig?

- ☐ já, mjög oft
- ☐ já, en sjaldan
- ☐ nei, aldrei

20. Veist þú hvert þú átt að leita ef þú hefur athugasemdir við þjónustu dagforeldris?

- ☐ já
- ☐ nei

21. Hefur þú komið á framfæri athugasemd til fjölskyldu- eða skóladeildar Akureyrarbæjar vegna þjónustu dagforeldris sem barnið þitt er hjá?

- ☐ já
- ☐ nei

22. Veist þú hvernig umsjón og eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum er háttað?

- ☐ já

- ☐ nei

Ef já, hvernig finnst þér umsjón og eftirlit skóladeildar með störfum dagforeldra vera?

- ☐ fullnægjandi
- ☐ gott
- ☐ sæmilegt
- ☐ ófullnægjandi

23. Hversu ítarlegar/fábreyttar upplýsingar finnst þér heimasíða skóladeildar Akureyrarbæjar veita um dagforeldra?

- ☐ mjög ítarlegar upplýsingar
- ☐ ítarlegar upplýsingar
- ☐ fábreyttar upplýsingar
- ☐ mjög fábreyttar upplýsingar
- ☐ get ekki lagt mat á

24. Hversu vel/illa henta þér þeir tímar sem þú kaupir af dagforeldri?

- ☐ mjög vel
- ☐ vel
- ☐ ekki nógu vel
- ☐ mjög illa

Ef svarið er ekki nógu vel eða mjög illa skýrðu þá af hverju tímarnir henta ekki vel?

25. Hefðir þú kosið að koma barninu þínu í leikskóla fremur en til dagforeldris hefði það staðið til boða?

- ☐ já
- ☐ nei
- ☐ Ef já, af hverju? _____

26. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt myndir þú vilja eiga þess kost að heimsækja leikskólann, sem þú hyggst velja, áður en þú sækir um?

- ☐ já
- ☐ nei

27. Hvað telur þú að muni helst hafa áhrif á val þitt þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt? (Hér má merkja við einn eða fleiri valmöguleika).

- ☐ stefna
- ☐ starfshættir
- ☐ orðspor
- ☐ aðstaða úti
- ☐ aðstaða inni
- ☐ veit ekki
- ☐ annað, þá hvað? _____

28. Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Athugasemdir foreldra við þjónustu dagforeldra.

Vistunartími og fjarvistir dagforeldra:

- Dagforeldri er mikið frá sökum ýmissa persónulegra ástæðna. Dagforeldri verður pirrað ef fólk kemur 5 mín. fyrir lok dags. Vill helst að fólk sé komið hálf tíma fyrir.
- Stuttan frest á frí hjá dagforeldri.
- Dayparent is often taking days/weeks off due to vacation, holidays, personal or illness related issues, and often we are getting informed about it on a very short notice, which harms our private and career life.
- Hvað dagforeldri er oft í frí
- Upplýsingagjöf varðandi launalaus frí og að ekki sé möguleiki á gestadagforeldri innan kerfisins ef veikindi hjá dagforeldri eða auka frí eins og tíðkast á norðurlöndum. Eins ósveigjanleika með vistundatíma sem er til 15.
- Gerði mér ekki grein fyrir hversu strangur tíminn var sem barnið er í vistun. Veit að barnið er frá kl 8 - 16 en hélt að örfáar mínútur annað slagið skiptu ekki miklu máli (þó ég reyni að sjálfsögðu að virða vistunartímann)

Útivist barnanna:

- Að ekki sé boðið upp á að sofa úti ef veður er ekki mjög slæmt/kalt
- Útivera mætti vera meira.
- Þau fóru heldur sjaldan út, en nú þegar þau eru komin í nýja húsnæðið er það að snar lagast ;)
- Fannst þau mættu fara út að leika meira
- Það mættu vera fleiri róluvellir í hverfinu, dagmóðirin þarf að ganga dálítið langt til að komast á róluvöll.

Fæðismál:

- Finnst of mikið af unnum mat. Fá ekki að borða sjálf þó að þau geti það. Ekki tekið mark á mínum óskum varðandi öryggismál
- Á morgnanna fá þau hafragraut og hún gefur þeim öllum að borða með sömu skeiðinni ef þau eru öll komin. Alla veganna borða þau kannski 2-3 úr sömu skeiðinni og þar af leiðandi finnst mér barnið mitt alltaf vera veikt....Rökin sem hún gefur fyrir þetta er að hún nennir ekki að fá Hafragrautinn út um allt eldhús, finnst það ekki nógu góð rök !
- Okkur finnst maturinn helst til óhollur. Þau borða mikið af unnum kjötvörum, lítið af grænmeti og lítil fjölbreytni í ávöxtum.

Upplýsingar um barnið:

- Það mætti láta foreldra frá upplýsingar í tölvutæku formi um matseðil hjá barninu. Einnig að vita hversu vel það borðaði og hversu vel barnið svaf, t.d. með töflu sem skrifuð er í á hverjum degi.
- Upplýsingaflæði í lok dags. Svo sem varðandi mat, svefn, leik, hægðir ofl.
- Upplýsingaleysi um hvað var gert um daginn, hvernig svefninn var og hvað var í matinn og hvernig barnið hefði borðað. Matur stundum ekki mjög næringarríkur. Öryggi ábótavant (vantar hlið úti). Ég er mjög óánægð með hversu oft við foreldrarir höfum þurft að taka okkur frí vegna þess að dagforeldrið er með lokað. Barnið mitt er orðið það gamalt (18 mánaða) að það þarf meiri örvun og vera með eldri börnum (er elsta barnið). Útivera mætti vera meiri.

Kostnaður

- Að endurgreiðslan frá bænum sé ekki hærri.
- Finnst það dýrt erum bæði í náminu og þótt að niðurgreiðslurnar eru þá er þetta mikið.
- Finnst kostnaður sem flokkaður er sem leikafangakostnaður mjög hár og leikfangaúrval hjá dagmömmunni ekki í takt við hann. Það er mjög sjaldan nýtt dót og maður veltir því fyrir sér í hvað þessir peningar fara því þeir fara augljóslega ekki í leikföng.

Annað sem foreldrar tóku fram:

- Get ekki sagt það nei. góð framkoma, hlýlegar móttökur á morgnana.. beint í grautinn úr kuldanum.. brosandir út að eyrum þegar maður nær í krílið.. bara bið ekki um meira topp fólk sem ég fékk

- Lítil íslenskukunnátta hjá þeim.
- Hundahár á gólfi og á barninu og eigum hans þegar hann er sóttur.

Útskýringar foreldra á því af hverju tímarnir hjá dagforeldri henta ekki vel?

- 1) Dagforeldrið er bara að vinna til 14:00
- 2) Tímarnir eru þannig að þeir henta bæði mér og móður hans. Þannig er hann lengur en ég mundi helst vilja suma daga.
- 3) Vinnutími minn er frá 08:00-17:00 - ég má ekki mæta með barnið fyrr en í fyrsta lagi 08:01 og verð að vera búinn að sækja það fyrir 04:00 - ef ég mæti rétt fyrir 4 þá (samt innan þess tíma sem um var samið) þá kemur alltaf pirringur frá dagmóður. Oftar en ekki bíður hún útá bílaplani kl 10min í 4 með barnið því henni liggur alltaf svo mikið á að komast heim. Ég skil það að maður á ekki að mæta of seint og gerist það nánast aldrei (hefur gerst 2 sinnum frá upphafi að við mætum á slaginu eða 1 mín. yfir) En dagmóðirin er svo æst í að sleppa snemma að ef hún fengi að ráða myndum við þurfa að sækja barnið kl 14:00 þó við borgum til 16:00
- 4) Ég mörg börn að þurfa að vera kominn 8 og vera farinn fyrir 4 gengur aldrei upp í eðlilegu lífi
- 5) Ég myndi vilja geta haft meiri sveigjanleika til 16:15 og geta byrjað seinna á morgnanna eða um 9.
- 6) Of stuttur vistunartími í boði
- 7) Skrítið að geta ekki valið vistunartíma og borgað fyrir þá vistun sem hentar líkt og í leikskóla. Er eiginlega fáránlegt að verða að greiða fyrir tíma sem maður þarf ekki.
- 8) Hún vinnur bara til 15 og ég oftast að vinna til 16
- 9) Akureyrarbær mætti greiða meira niður með hverju barni en bara 7 klst því sumir foreldrar hafa ekki efni á að vera með börnin of lengi í dagvistun, en þurfa samt að hafa þau í 8 tíma til að geta sinnt sinni vinnu bara til að hafa efni á því að hafa börnin í dagvistun!!!
- 10) Mætti vera til 1600
- 11) Hefði þurft pössun frá 7.45-16.15 en hef pössun 8-16
- 12) Það hentar illa að Akureyrarbær niður greiðir bara 7 tíma þar sem flestir foreldrar vinna allavega 8 tíma á dag.
- 13) Erum báðir foreldrarnir að vinna til kl 17 og erfitt fyrir okkur að brúa bilið milli 16 og 17. Vandamál sem við gerðum okkur ekki grein fyrir þegar barnið byrjaði hjá dagmömmu því að annað okkar var ekki í vinnu þá.
- 14) 8:00-16:00 á daginn væri gott ef það væri 7:45 til 16:15
- 15) Allavega núna þegar ég er bara í námi. Myndi líklega ekki ganga upp ef ég væri í vinnu með skóla
- 16) Væri til í að vera til 16 en ekki 15